

**Ed.**

## **138. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Seltjarnarneshreppi.

Fltningsm.: Jón Baldvinsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

- a. Afnotarétt allrar jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði.
- b. Afnotarétt landsvæða þeirra úr Garðatorfunni, er þeir hafa nú á leigu Eyjólfur Jóhannsson, Hermann Jónasson og Tryggvi Guðmundsson.
- c. Afnotarétt jarðarinnar Kópavogs og Digraness í Seltjarnarneshreppi. Hvoru býlinu um sig fylgi þó 20 hektarar af ræktanlegu og ræktuðu landi.
- d. Land jarðarinnar Arnarness í Garðahreppi, að updanskildum 20 ha. af ræktanlegu og ræktuðu landi.
- e. Allt óræktað land Jófriðarstaða í Hafnarfirði.

### **2. gr.**

Þegar eignarnámið hefir farið fram, skal kirkjumálaráðherra ráðstafa landinu þannig:

- a. Hafnarfjarðarbær gengur inn í afnot þeirrar háflendu Hvaleyrar, sem er eign bæjarins, og jafnframt skal stjórnarnefnd Flensborgarskólans í Hafnarfirði skylt að selja Hafnarfjarðarbæ á leigu þá háflendu Hvaleyrar, sem er eign skólans. Náist ekki samkomulag um leigumálann milli aðila, á Hafnarfjarðarbær rétt á að ganga inn í erfðafestusamning þann, sem stjórnarnefnd skólans gerði við Ingólf Flygenring hinn 15. júlí 1916.
- b. Landið og afnotaréttinn, sem tekinn er eignarnámi samkvæmt ákvæðum 1. gr. b., d. og e., á Hafnarfjarðarbær rétt á að fá keypt eða selt á leigu, ef samkomulag næst.
- c. Þegar afnotaréttur sá, sem um ræðir í 1. gr. c, hefir verið tekinn eignarnámi, á Reykjavíkurbær rétt á að fá umrædd lönd keypt eða seld á leigu, ef um semur.

### **3. gr.**

Lönd þau, sem Hafnarfjörður og Reykjavík á þennan hátt fá umráð yfir, skal þeim þegar skylt að selja á leigu til ræktunar eða ráðstafa til ræktunar á annan hátt í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó mega bæirnir ekki selja löndin.

### **4. gr.**

Ef um bætur verður að ræða fyrir eignarnámið, greiðir hvor bærinn um sig þær bætur, sem greiða þarf fyrir eignarnám þess landsvæðis eða þess afnotaréttar, sem þeir öðlast.

Jafnframt skal þeim skylt að greiða hlutaðeigandi hreppum þá tekjurýrnun, sem hreppsfélögin kunna að verða fyrir vegna eignarnámsins á landi eða afnotarétti.

Ef hlutaðeigandi bær og hreppur koma sér ekki saman um þetta atriði, skulu þeir menn, hagstofustjóri, búnaðarmálastjóri og einn maður, skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, meta, hvort um tekjurýrnun hafi verið að ræða og hve miklar bæturnar eigi að vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frv. er flutt í samráði við bæjarstjórnann í Hafnarfirði, og fylgi því svo hljóðandi greinargerð:

„Það má undarlegt heita, hve mikið er af góðu ræktanlegu landi í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem enn liggur ónotað. Milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eru örfá dreifð hýli með sáralitlum túnblettum, en allt meginlandið óræktað. Mun þetta stafa af því aðallega, að bæirnir hafa ekki átt kost ræktanlegs lands, því áhugi manna fyrir ræktun hefir verið meiri en svo, að hægt hafi verið að fullnægja eftirspurninni.

Síðustu árin hefir því þó fengizt framgengt, að miklum hluta af landi Reykjavíkurhæjar hefir verið úthlutað til ræktunar. Árið sem leið voru seld á erfðafestu fleiri lönd í Reykjavík en nokkru sinni áður, og í undirbúningi er að selja á leigu Fossvoginn, sem er seinasta landsvæðið, sem bærinn á óúthlutað í nágrenni sínu.

Um sérhvert land eru margar umsóknir, og er því bersýnilegt, að miklu fleiri menn hér í Reykjavík vilja leggja fé og vinnu í jarðrækt en þess eiga nú kost. Er því bænum þegar mikil nauðsyn að geta, fengið aukin lönd hér í nágrenninu til ræktunar.

Í Hafnarfirði hafa ræktunarmálin verið í alveg einstakri niðurlægingu. Jörðin Selskarð, kirkjujörð skammt frá Hafnarfirði, var árið 1912 seld fyrir 1125 krónur án þess bærinn reyndi að eignast hana. Þessi jörð var 1918 seld fyrir 7000 kr. og 1922 fyrir 11500 kr.

Jörðin Jófríðarstaðir, sem liggur inni í sjálfum bænum, hefir verið seld sex sinnum á síðustu 16 árum án þess að bærinn hafi nokkurntíma notað sér forkaupsrétt. Árið 1905 var háflenda þessarar jarðar seld fyrir 3 þús. krónur, en 1922 fyrir 35 þúsundir.

Alþýðuflokkurinn fékk meiri hluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar árið 1926.

Jörðin Hraunsholt, kirkjujörð í nágrenni Hafnarfjarðar, var árið 1927 seld fyrir 6000 kr., en 1930 fyrir 24752 kr. En þar átti bærinn ekki forkaupsrétt.

Jörðin Arnarnes, kirkjujörð, sem liggur skammt frá Hafnarfirði og vel fallin til ræktunar, var árið 1923 að forgöngu þáverandi þingmanns Hafnarfjarðar seld fyrir 6000 krónur.

Jörðin Hvaleyri liggur sunnan Hafnarfjarðar og í næsta nágrenni hans. Eignaðist kaupstaðurinn þessa jörð hálf árið 1912, en Flensborgarskólinn hefir átt hina háflenduna síðan árið 1877. Ræktað og ræktanlegt land þessarar jarðar mun nú vera hátt á annað hundrað hektara. Að visu er allmikill hluti þess grýtt land, en talsvert af því er þó einkar vel fallið til garðræktar.

Eignarhelming Hafnarfjarðarkaupstaðar festu forráðamenn bæjarins á sínum tíma í lífstíðarábúð, og við hana situr enn að mestu leyti.

Eignarhelmingur Flensborgarskólans var hinsvegar með bréfi dags. 15. júlí 1916 leigður hr. Ingólfi Flygenring fyrir 150 krónur á ári til 50 ára, og er sá samningur óuppsegjanlegur. Hefir því svo ógiftusamlega til tekizt, að þessi mikla en að mestu leyti óræktaða jörð undir handarjaðri bæjarbúa er þeim kvöðum bundin, að almenningur í Hafnarfirði hefir hennar engin not.

Á síðustu árum hefir hinsvegar vaknað ræktunaráhugi hjá mörgum mönnum í Hafnarfirði, og það litla land, sem þeir eiga aðgang að, verið tekið í not að miklu leyti.

Á Garðatorfunni í Álftaneshreppi eru 14 hýli, öll rikiseign, auk Hraunsholts og Selskarðs, sem seld hafa verið undan jörðinni, og öll í ábúð. Land jarðanna var óskipt, þannig að enginn þessara ábúenda gat tekið land til ræktunar, og háði þetta tilfinnanlega búskap á þessum jörðum og stóð í vegi fyrir ræktun. En með bréfi 28. marz 1930 fól þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra Búnaðarfélagi Íslands að annast um skipti á landi Garðatorfunnar, þannig að hvert hýli fengi ákvarðað og útmælt það land, sem því bar. Búnaðarfélagið fól jarðræktarráðunaut sínum, Pálma Einarssyni, að framkvæma þessi skipti, og hafði hann lokið mælingum, uppdráttum og skiptum landsins vorið 1932. Í bréfi P. E. til ráðuneytisins 10. maí 1932 skýrir hann frá því, að sérhvert hýli Garðatorfunnar hafi fengið 20—52 ha. af ræktanlegu landi, en auk þess hafi verið útmælt land undir tvö nýbýli, samtals 42,8 ha., úr landi sjálfs prestssetursins, sem talið var of mikið til þess að vera ein jörð. Þessi lönd fengu þeir Tryggvi Guðmundsson ráðsmaður og Hermann Jónasson lögreglustjóri, og eru það þessi lönd, sem Hafnarfjörður hefir sótt eftir og ætlar að skipta niður í smábletti til ræktunar. Liggur nú fyrir í efri deild frv. til laga um eignarnám þessara framangreindu tveggja erfðafestulanda.

Það, sem fyrst verður að gera sér ljóst, er, eftir hvaða meginreglum á að leysa ræktunarmál Hafnarfjarðar.

Það má vera, að smálönd til grásræktar séu ekki heppilegt fyrirkomulag með öllu, að minnsta kosti í hinum stærri hæjum. Í Reykjavík hafa smærri graslönd flestöll verið seld og ekki þótt svara kostnaði að hafa hér 1—2 kúr. En atvinnuháttum Hafnarfjarðar er öðruvísi háttað. Þetta er og vel skiljanlegt. Það má gripa í það í hjáverkum að slá lítinn grasblett og nytja hann, enda fellur þurrkun og hirðing heysins á þann árstíma, sem minnst er að gera við fiskverkun í verstöðvunum og þeim sjávarplássum, sem mest lifa á fiskverkun. Yrði því ræktun smábletta til að fylla út atvinnuleysistímabil, sem óhjákvæmilega hljóta að verða á þessum stöðum við fiskverkunina síðari hluta sumars, og gæti þetta létt lífsbaráttu fátækra verkamanna, með því að útvega þeim ódýra mjólk og garðávexti.

Einnig fer það nú í vöxt bæði hér og erlendis, að bæjarbúar hafi smálönd til garðræktar og til að byggja á litið garðhús. — Garðræktin er þannig, að hana má hæglega stunda í hjáverkum, ef löndin liggja nægilega nærri bæjunum. Garðarnir geta gefið góða eftirtekju og vinnan í garðinum er hvíld og hollusta fyrir bæjarfjölskyldur um belgar og í öðrum fristundum.

Með þessi sjónarmið fyrir augum verður að lita á ræktunarmál og landþörf Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Samkvæmt manntali frá 1931 voru íbúar Hafnarfjarðar 3568. Miðað við þá íbúatölu er árleg mjólkurþörf bæjarins 1,4 millj. lítra. Svarar það til 550 meðalkýrnytja. Samkvæmt síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, eru 70 mjólkurkýr í bæjarlandi Hafnarfjarðar. En til bæjarins er aðallega flutt mjólk úr Garðahreppi, og mun láta nærri, að þaðan sé flutt mjólk úr 180 kúm. Eins og nú standa sakir, skortir því mjög á, að Hafnarfjarðarbær og Garðahreppur framleiði þá mjólk, sem bænum er nauðsynleg, eða sem svarar mjólk úr 300 kúm.

Garðrækt er lítil í Hafnarfirði, þótt nokkuð hafi hún aukizt hin síðustu ár. Samkvæmt síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, eru aðeins 4 ha. notaðir til garðræktar í bæjarlandinu, en framleiðslan 220 tonnur jarðepla og 80 tonnur rófur. Meðalneyzla jarðepla hér á landi hefir undanfarið reynzt 54 kg. á mann á ári. Miðað við hana þurfa Hafnfirðingar 1784 tonnur jarðepla til árlegrar neyzlu. Skortir því 1500 tonnur á það, að bærinn framleiði jarðepli handa sjálfum sér. Væri hinsvegar miðað við meðalneyzlu nágrannaþjóðanna á jarðeplum, en hún er hjá Norðmönnum 320 kg., hjá Dönnum 300 kg. og Þjóðverjum 620 kg. á mann, yrði ræktunarþörfin margföld.

Ætti Hafnarfjarðarbær að fá fullnægt þörf íbúa sinna um mjólk og garðávexti, mun landþörf bæjarins samkvæmt framanrituðu þessi:

Ræktað land, er fóðri 300 kýr .....	375 ha.
Land til framleiðslu 1500 tn. jarðepla .....	15 —
Land til framleiðslu annara matjurta .....	5 —

Samtals 395 ha.

Ætti matjurtaræktin að vera byggð á ræktun einstaklinga, væri Jófriðarstaðaland og Hvaleyrartorfan langhentugust sakir legu sinnar; fjarlægðin 2 km. Sunnan í hæðinni, sem Hvaleyrin stendur á, er 10 ha. land, ágætlega til garðræktar fallið. Hvaleyrartúnin með óræktuðu mólendi vestur af þeim eru alls rúmir 20 ha., og mætti þar fá land til viðbótar, sem fullnægði þessari þörf Hafnfirðinga. Vegna þess hve Hvaleyrin er nærri Hafnarfirði, virðist eðlilegast að skipuleggja þar smágarðhverfi bæjarins, en slíkt er ógerningur þar, sem fjarlægðir eru meiri.

Hvaleyrin virðist því sjálfsgöð í þessu augnamiði, bæði vegna nálægðar við Hafnarfjörð og vegna þess, að þar er ágætt garðræktarland, er liggur móti sól.

Ýmsir munu álíta, að með þessu sé sanngjarnri landþörf Hafnarfjarðar fullnægt. Grasræktina eigi sjálfstæðir bændur að stunda í námunda við Hafnarfjörð og Reykjavík.

Landsvæðin, sem taka á eignarnámi samkv. frumvarpinu, eigi því að vera í ábúð bænda, en ekki afhenda þau hlutaðeigandi kaupstöðum. Það skal sérstaklega tekið fram, að ekki er ætlunin með frumvarpi þessu að ganga inn á það sem meginreglu að ákveða landþörf hvers kaupstaðar eftir mjólkurþörf hans og taka löndin kringum kaupstaðina eignarnámi samkvæmt því. En hér virðist standa nokkuð sérstaklega á. Stór landsvæði eru ónotuð milli bæjanna. Í báðum bæjunum, einkum í Reykjavík, er mikið atvinnuleysi, en mikil eftirspurn eftir landi

til ræktunar. Frumvarpið á því að tryggja það, að lönd, sem nú liggja ónotuð, verði ræktuð og við það skapist atvinna og síðar arður af löndunum.

Fyrir þess sök virðist það ekki aðeins réttlætanlegt, heldur næsta sjálf-sagt, að þessi lönd verði tekin eignarnámi.

Þá er það enn athugandi, hvort sérstaklega sé gengið á rétt einstaklinga eða sveitarfélaga með eignarnámi þessu.

Þegar um Hvaleyrina ræðir, þá eru þeir samningar, sem um hana gilda, gerðir af því fyrirhyggjuleysi um almennan hag Hafnfirðinga, að ekki er nema sjálf-sagt, að löggjöfin komi þar til hjálpar á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Arnarnesið keypti núverandi áhúandi árið 1923 fyrir 6000 kr., svo sem áður er sagt, og er ekki nema sanngjarn, svo sem á stendur, að eigandi þeirrar jarðar láti nú af hendi fyrir matsverð það af landi jarðarinnar, sem hann notar ekki, enda ákveðið í frumvarpinu, að hann haldi allt að 20 ha. af ræktuðu og ræktanlegu landi.

Um lönd þeirra þriggja manna, sem um getur í 1. gr. b., er þess að geta, að allir þessir menn hafa þegar hafið verulegan undirhúning undir ræktun með framræslu og öðrum aðgerðum, og hefir við það skapast atvinna umfram það, sem á sér stað um hin tiltölulega viðáttumiklu lönd, sem enn liggja óhreyfð á jörðum þeim, er frv. fjallar um. Þótt ekki skapist auknir atvinnuöguleikar við það, að löndin séu tekin úr höndun þessara manna og afhent Hafnarfjarðarbæ, þykir allt um það ástæða til, að það sé gert, sakir staðháttanna, ef með því mætti takast að koma ræktunarmálum Hafnarfjarðar í horf. Hinsvegar væri það sanngjarn, að þessir menn sætu að öðru jöfnu fyrir ræktunarlendi úr landi Kópavogs eða Digraness, þar eð þeir eiga allir heimili í Reykjavík.

Jörðin Kópavogur er þjóðjörð í ábúð kvenfélagsins Hringurinn, sem starfrækir hressingarhæli það, sem reist hefir verið á jörðinni. Ræktað land þessarar jarðar er 4,7 ha., en ræktanlegt land 70—90 ha. Talið er, að 20 ha. af ræktuðu landi fullnægðu þörfum hælisinga, enda mest af landinu ónotað, en sumt leigt til hagbeitar. Ríkisstjórnin mun á síðasta ári hafa farið fram á, að kvenfélagið léti af hendi land það, sem það hingað til hefir leigt til hagbeitar, svo tekið yrði til ræktunar, en þeirri málaleitun var synjað. Þess má geta, að dvalarkostnað sjúklinga á hæli þessu greiðir ríkissjóður með jafnháum daggjöldum og hvar sem er annarsstaðar.

Jörðin Digranes er og þjóðjörð í ábúð. Ræktað land þessarar jarðar er 4,3 ha., en ræktanlegt land ca. 100 ha. Í frv. er ráðgert, að býli þessu fylgi 20 ha. af ræktanlegu landi. En nú er mest af landinu leigt til hagbeitar. Áhúandinn á þessari jörð mun ekki ófús til að afhenda nokkuð af landi jarðarinnar.

Svo sem að líkum lætur, væri það nokkur viðhót við ræktanlegt land Reykjavíkurbæjar, sem fengist með eignarnámi því, sem hér er gert ráð fyrir á löndum þessara jarða. Og verði frv. þetta að lögum, þá eykur það eigi alllitið atvinnu- og afkomuöguleika manna í báðum bæjunum, enda ekki vanþörf, svo sem nú er háttáð atvinnulífi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Að sjálfsögðu þótti rétt að kveða á um það í frv., að stuðzt yrði við tillögur Búnaðarfélags Íslands um þessi mál, og að hlutaðeigandi bæjarfélag greiddi

hreppsfélaginu tekjurýrnunina, sem kann að leiða af eignarnáminu fyrir hreppsfélagið“.

Hér aftan við er prentaður sem fylgiskjal staðfestur útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um leigu á Sveinskoti á Hvaleyri, og þykir rétt að birtist í þingskjali til samanburðar við leigumála, er áður hafa verið prentaðir.

#### Fylgiskjal.

Ár 1929, hinn 21. maí, samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi eftirfarandi tillögur fasteignanefndar um leigu á Sveinskoti á Hvaleyri:

„Þar sem Guðmundur Kristmundsson, Bröttugötu 6, sækir um ábúð á jörðinni, leggur nefndin til, að honum verði leigð jörðin frá næstu fardögum að telja um næstu 5 ár. Eftirgjald sé kr. 350,00 á ári, og vinni ábúandi að jarðabótum að auki minnst 25 dagsverk á jörðinni. Ábúandi haldi vel við byggingum á sinn kostnað. Sand- og malartekja er undanskilin leigunni“.

Rétt eftirrit staðfestir  
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Emil Jónsson.